

Samræmd könnunarpróf meta stöðu nemenda og veita endurgjöf

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Dagana 11.-13. mars verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir nemendur í 9. bekk. Prófað verður í íslensku þann 11. mars, stærðfræði 12. mars og ensku 13. mars.

Markmið prófanna eru í aðalatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi er prófunum ætlað að vera nemendum, foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu hvers nemanda. Í annan stað eiga þau að gefa upplýsingar um grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggist á, svo bregðast megi faglega við og veita stuðning sem gerir skólagöngu barnsins sem árangursríkasta. Mikilvægt er að hafa í huga að könnunarprófin eru afmörkuð könnun í þremur námsgreinum og aðeins ein leið af mörgum sem skólar nota til að meta færni nemenda og veita endurgjöf á frammistöðu þeirra.

Hvað er prófað?

Efni könnunarprófanna tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla og matsviðmiðum unglingastigs. Aðalnámskráin dregur fram meginlínur í námi en skólar hafa sveigjanleika í útfærslu auk þess sem námshraði einstakra nemenda er breytilegur. Samræmd könnunarpróf taka mið af þessu og því er efni þeirra mjög fjölbreytt. Þá er reynt að mæta talsverðum þroska- og getumun barna á þessum aldri með rúmum próftíma og fjölbreyttum verkefnum (spurningum).

Efni prófsins í **íslensku** byggist m.a. á verkefnum sem reyna á grunnan og djúpan lesskilning. Grunnur lesskilningur byggir á nákvæmnislestri en djúpur lesskilningur á lestri milli lína og túlkun á texta. Auk þess byggja verkefnir á skilningi á stökum orðum og orðasamböndum og bókmenntahugtökum svo sem myndmáli, hugblæ og sjónarhorni. Ennfremur eru verkefni sem reyna á málnotkun, kunnáttu í málfræði og stafsetningu.

Efni prófsins í **stærðfræði** byggist á reikningi og aðgerðum, rúmfræði og mælingum, mynstri og algebru og hlutföllum og prósentum. Það má nota reiknivél sem er í tölvu nemandans en einnig hafa reiknivél með sér, ef fólki finnst það þægilegra.

Efni prófsins í **ensku** byggist m.a. á verkefnum sem reyna á grunnan og djúpan lesskilning. Grunnur lesskilningur byggir á nákvæmnislestri en djúpur á lestri milli lína og túlkun á texta. Auk þess byggja verkefnir á skilningi á stökum orðum og orðasamböndum. Ennfremur eru verkefni sem reyna á málnotkun, kunnáttu í málfræði og stafsetningu.

Einkunnagjöf

Fyrir hvert próf eru gefnar tvenns konar einkunnir:

- Hæfnieinkunn sem sýnir frammistöðu nemanda á prófinu í heild. Einkunnin er sett fram á kvarðanum A, B, C og D þar sem bókstafirnir tákna matsviðmið í aðalnámskrá.
- Raðeinkunn sem sýnir stöðu nemandans í prófinu sem heild og í hverjum námsþætti fyrir sig. Þessi einkunn sýnir hvernig nemandi stendur í samanburði við aðra nemendur árgangsins.

Einkunnir nemenda verða sendar til skóla um miðjan apríl og í framhaldi af því munu skólar afhenda þær til nemenda/forráðamanna.

Hnökralaus framkvæmd er okkar markmið

Líkt og undanfarin ár verða prófin rafræn. Framkvæmd prófanna í 4. og 7. bekk gekk vel haustið 2018 en hnökrar urðu hins vegar á framkvæmd könnunarprófa í 9. bekk vorið 2018. Í kjölfar þeirra voru ítarlegar og óháðar úttektir gerðar til að greina ástæður þess að framkvæmdin misfórst að hluta. Í framhaldinu breytti Menntamálastofnun verklagi í aðdraganda prófanna og leggur ríka áherslu á að framkvæmd gangi vel. Ein breytingin felst í því, að skólastjórnendur ákveða sjálfir hvenær dagsins prófin hefjast í þeirra skóla en þannig dreifist álagið á prófakerfið og líkurnar á tæknilegum örðugleikum minnka. Þá hefur viðbragðsáætlun verið endurgerð en þar eru meðal annars viðbrögð við hvers konar vanda sem upp getur komið í fyrirlögn prófanna og hvernig nemendum verður best sinnt ef óæskileg mál koma upp, t.d. rafmagnsleysi, rof á nettengingu, bilun í prófakerfi eða bilun í tölvu nemanda.

Nemendur og foreldrar geta skoðað kynningarpróf á netinu

Nemendur og foreldrar barna í 9. bekk eiga kost á að þreyta [kynningarpróf](#) í fullri lengd, sem eru aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunar. Með þeim geta áhugasamir kynnst prófakerfinu og æft sig á rafrænu prófi. Tilgangur kynningarprófanna er að sýna dæmi um spurningar og kynna prófkerfið en ekki að undirbúa nemendur efnislega fyrir prófin. Á heimasíðunni eru einnig ýmsar [hagnýtar upplýsingar](#) varðandi prófin, undirbúning og framkvæmd.

Að undirbúa barn fyrir prófið

Markmið prófanna er að sjá hvar barnið þitt stendur í náminu. Þetta er ein af mörgum fjölbreyttum aðferðum sem eru notaðar í skólanum til að veita barni og foreldrum endurgjöf á styrkleika barnsins og námsstöðu á afmörkuðum þáttum. Einnig getur kennarinn séð hvort ástæða sé til að breyta áherslum í kennslunni á næsta skólaári, því síðasta á grunnskólastiginu. Ástæðulaust er að búa til aukaálag, óvissu eða kvíða vegna þessarar afmörkuðu könnunar. Prófin reyna á lesskilning, kunnáttu í tungumálum og færni við að leysa stærðfræðiþrautir og þannig er reynt að meta hæfni nemandans. Mikilvægt er að barnið þitt sé vel upplagt, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat að morgni prófdaga. Gott er að leggja áherslu á að barnið reyni sitt besta og þá verður þetta ekkert mál.

Ykkur og börnum ykkar er óskað velfarnaðar í skólanum.

Fyrir hönd Menntamálastofnunar,

Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.